



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis  
b.t. Nefnda- og greiningasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2023

2310030SA FHS  
Málalýkill: 00.64

## **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma o.fl. - óskað umsagnar**

### **I. Inngangur**

Vísað er til umsagnarbeiðnar sem barst frá nefnda- og greiningasviði Alþingis 15. nóvember sl. um fyrirbyggjandi frumvarp matvælaráðherra dags. 10. nóvember 2023, þingskjal 483 þar sem lagt er fram frumvarp til breytinga á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Drög að frumvarpinu voru lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda 11. október 2023, en Samband íslenskra sveitarfélaga skilaði inn umsögn við frumvarpið þar sem gerðar voru tiltekna athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 25/1993 og er vísað til þeirra. Gerðar hafa verið tiltekna breytingar á frumvarpinu frá þeim drögum sem birt voru í samráðsgátt þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda sambandsins að hluta. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að gera frekari athugasemdir við það frumvarp sem er fyrirbyggjandi.

### **II. Umsögn**

Í 2. gr. laganna er fjallað um hvernig fara skuli með aukaafurðir dýra og til hverra skuli sækja leyfi vegna meðhöndlunar, geymslu, flutnings eða eyðingu aukaafurða dýra. Í fyrirbyggjandi frumvarpi hefur verið horfið frá því að skilgreina aukaafurðir dýra sem úrgang eins og gert var í samráðsgátt í 1. mgr. 15. gr. a og þar með tekið tillit til athugasemda sambandsins. Þrátt fyrir það liggur ljóst fyrir að aukaafurðum dýra hefur að hluta til verið ráðstafað með því að urða úrganginn á urðunarstöðum sveitarfélaga, einfaldlega vegna þess að önnur ráðstöfunarleið hefur ekki verið tiltæk. Skilningur er fyrir því að meðan sú staða er, þurfi þeir aðilar að vera með leyfi og þá þurfi urðunarstaðir, ef urða á aukaafurðir á þeim, að fá leyfi til slíkrar starfsemi. Með þeirri afstöðu felst þó ekki að neinu leyti viðurkenning á því að aukaafurðir dýra teljist til úrgangs í skilningi laga um meðhöndlun úrgangs. eru ítrekuð öll þau sjónarmið sem rakin voru í umsögn sambandsins í samráðsgátt auk minnisblaðs sem fylgdi umsögninni. Er minnisblað sambandsins jafnframt fylgiskjal með umsögn þessari.

Gera þarf smávægilegar athugasemdir við orðalag 1. mgr. 15. gr. a í fyrirbyggjandi frumvarpi. Í því er fjallað um „eyðingu“ aukaafurða dýra. Efnafræðilega ómögulegt er að eyða slíkum afurðum (sem öðrum) og ætti því orðalagið „meðhöndlun“ að duga til þess að ljóst sé að allir sem koma að þessum flokki afurða þurfi viðeigandi leyfi. Er það í samræmi við orðanotkun í lögum um meðhöndlun úrgangs.

Stór hluti þeirra breytinga sem gera á, á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er að styrkja verulega eftirlits- og sektarheimildir og eru ítarleg ákvæði þess efnis í ákvæðum 15. gr. c – i og hefur verið bætt verulega við heimildir

Matvælastofnunar frá því frumvarpi sem birt var í samráðsgátt. Ítreka verður þær athugasemdir sem fram komu í umsögn sambandsins í samráðsgátt hvað þetta varðar. Á íslenska ríkinu hvílir sú skylda að til staðar séu raunverulegir farvegir til ráðstöfunar þessara afurða eins og fjallað er um í minnisblaði sambandsins sem meðfylgjandi er umsögn þessari. Þá liggur fyrir að óheimilt er að urða aukaafurðir dýra samkvæmt því regluverki sem gildir um þessar afurðir og stafar frá Evrópusambandinu. Fyrir liggur dómur ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem gerðar eru verulegar athugasemdir við meðhöndlun aukaafurða dýra af hálfu íslenska ríkisins. Meðan farvegir eru ekki til staðar fyrir þessar afurðir lítur Samband íslenskra sveitarfélaga svo á að urðun aukaafurða dýra á urðunarstöðum sveitarfélaga, geti ekki valdið viðurlögum af neinu tagi gagnvart þeim. Ef Matvælastofnun hyggst beita slíkum viðurlögum þurfa urðunarstaðir þar með að vísa þessum flokki afurða frá sér. Ljóst má vera að þá verður þessi flokkur afurða áfram urðaður, en þá án eftirlits, víðsvegar um landið með tilheyrandi áhættu á dreifingu dýrasjúkdóma. Ljóst er að markmið laganna sem um ræðir snúa að því að takmarka hættu á dýrasjúkdómum í landinu en auka hana ekki, sem raunin yrði ef þessar afurðir verða ekki urðaðar á starfsleyfisskyldum urðunarstöðum.

Það er ekkert sérstakt keppikefli sveitarfélaga eða urðunarstaða sveitarfélaga að koma að flutningi eða ráðstöfun aukaafurða dýra og munu sveitarfélögin fyrst allra fagna því þegar ráðstöfunarleiðir fyrir alla áhættuflokka aukaafurða dýra verða til staðar og sett hefur verið upp flutningskerfi þessara afurða hringinn í kringum landið. Vonandi verður það gert við fyrsta tækifæri.


### III. Niðurlag

Samband íslenskra sveitarfélaga telur afar mikilvægt að unnið sé að breytingum á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim til þess að uppfylltar séu skyldur sem hvíla á íslenska ríkinu í tengslum við innleiðingu reglugerða Evrópuráðsins sem tengjast meðhöndlun aukaafurða úr dýrum. Upphafsskref slíkrar vegferðar ætti þó fremur að vera að tryggja heimilar ráðstöfunarleiðir fyrir þessar afurðir í stað þess að leggja afar íþyngjandi eftirlitsheimildir og viðurlagaákvæði á þá sem koma að því að takmarka eins og hægt er útbreiðslu dýrasjúkdóma miðað við stöðu innviða á Íslandi í dag.

Fulltrúar sambandsins eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að eiga frekara samtal um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediksdóttir  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs